

Minnisblað - SSH

Til: Stjórnar SSH
Frá: Jóni Kjartani Ágústssyni
Afrit: Páll Björgvin Guðmundsson
Erindi: 1906002
Varðar: Sóknaráætlun– kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins– frumdrög að loftlagsstefnu
Dagsetning : 12. apríl 2021

Á 518. stjórnarfundum SSH dags. 18.01.2021 var lagt fram minnisblað Jóns Kjartans Ágústssonar svæðisskipulagsstjóra dags. 14.01.2021 vegna erindis 1906002: *Frumdrög að loftlagsstefnu*, og var eftirfarandi bókað í fundargerð:

„Stjórn SSH telur mikilvægt að unnin verði sameiginleg loftlagsstefna fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu.“

Skýrsla ráðgjafastofunnar Environice: Kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins dags. febrúar 2021 sem var unnin fyrir SSH liggur nú fyrir. Í henni kemur fram útreikningur á kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2019.

Í skýrslunni segir m.a.: „*Meginniðurstaða skýrslunnar er að samanlagt kolefnisspor svæðisins árið 2019 hafi numið 1.834.732 tonnum koldíoxíðígilda (CO₂íg) og að þar af hafi 1.395.326 tonn (um 76%) verið samfélagslosun, 286.435 tonn (um 16%) losun frá stóriðju og 152.971 tonn (um 8%) losun frá landnotkun.*“

„*Samkvæmt skýrslunni voru vegasamgöngur stærsti einstaki liðurinn í kolefnisspori höfuðborgarsvæðisins 2019, með rúm 25% af heildarlosuninni. Þar á eftir koma sjóflutningar (og fiskiskip) með tæp 22%, stóriðja með tæp 16%, urðun úrgangs með tæp 9% og landnotkun með rúm 8%. Öll önnur losun nam samanlagt um 20% af heildinni.*“

„*Útreikningar á losun gróðurhúsalofttegunda frá mismunandi athöfnum standa á mistraustum grunni. Sem dæmi má nefna að útreikningar á losun vegna brennslu á bensíni í bílvéllum byggja að grunni til á tiltölulega einfaldri efnafræði og eru nánast lausir við óvissu á sama tíma og útreikningar á losun (og bindingu) vegna landnotkunar eru háðir mikilli óvissu, þrátt fyrir að þeir séu jafnan byggðir á bestu fáanlegu þekkingu á hverjum tíma. Þess vegna er varhugavert að bera losun frá ólíkum uppsprettum saman án nánari skýringa.*“

Næstu skref

Í sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 er kveðið á um þá megináherslu að minnka kolefnisfótspor höfuðborgarsvæðisins (bls.19), með áherslu að kolefnislosun- og binding verði skilgreind og mælingu lokið fyrir árið 2022 (bls. 21). Sóknaráætlun kveður ekki á um hversu mikið kolefnisfótspor skuli draga saman, sem er skiljanlegt þar sem umfang kolefnisfótspors höfuðborgarsvæðisins var ekki þekkt.

Samkvæmt verkefnislýsingu fyrir áhersluverkefnið er næsti hluti verkefnisins að leita ráðgjafar fyrir mótun markmiða og aðgerða um samdrátt – og vinna drög að loftlagsáætlun.

Lagt er til ráðinn verði verkefnastjóri sem verði falið að vinna eftirfarandi verkefni:

1. Safna saman á einn stað yfirstandandi og fyrirbyggjandi verkefnum hjá ríki, sveitarfélögum og fyrirtækjum í eigu hins opinbera sem stuðla að samdrætti í útblæstri gróðurhúsalofttegunda, til dæmis uppbygging Borgarlínu, uppbygging hjólastíganets, áhrif nýrrar gas og jarðgerðarstöðvar, rafvæðing hafnarmannvirkja, kolefnishlutleysi ON fyrir 2030 o.fl., til að leggja mat á hvar höfuðborgarsvæðið er stött í vegferð að kolefnishlutleysi árið 2040. Með þessu verður hægt að sjá hvar aðgerðir eru nú þegar skila árangri og hvar er þörf á frekari aðgerðum.
2. Rýna sérstaklega stærstu einstaka liði í kolefnisfótspori höfuðborgarsvæðisins: vegsamgöngur og sjóflutninga, og draga fram aðgerðir sem stuðla að losun í nokkurskonar handbók, fyrir sveitarfélögin til nánari útfærslu.
3. Móta drög að tillögu að einfaldri, sameiginlegri loftlagsáætlun fyrir höfuðborgarsvæðið, þar sem áhersla er lögð á markvissar aðgerðir og leiðbeiningar – sem verða útfærð nánar af hverju sveitarfélagi fyrir sig.

Stefna ætti að því að vinnan taki 4 – 5 mánuði frá því verkefni er samþykkt. Kostnaður vegna vinnu yrði um 6 - 7 milljónir m.v. 400 tíma vinnu, en fyrir liggur að SSH getur nýtt núverandi fjármagn vegna sóknaráætlunar fyrir árin 2020 og 2021 til að fjármagna vinnuna.

Mikilvægt er að umrædd vinna hægi ekki á loftslagsvinnu sem gætu þegar verið yfirstandandi hjá sveitarfélögunum, til dæmis vinna við gerð loftlagsbókhalds, sem lög gera ráð fyrir að sé unnin fyrir rekstur sveitarfélags.

Fyrir hönd SSH



Jón Kjartan Ágústsson
svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026